

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 31. janúar 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)**

Nokkur rafrettufyrirtæki innan Félags atvinnurekenda (hér eftir „fyrirtækin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur) sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 22. desember 2020. Umsagnarfrestur er til 31. janúar 2021. Fram kemur að ætlunin með frumvarpinu sé að setja skýrar reglur um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á nikótínvörum, þar á meðal nikótínþúðum.

Í frumvarpinu kemur fram að lagðar séu til breytingar á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur á þann veg að nikótínvörum sé bætt inn í lögin á viðeigandi staði sem hefur það í för með sér að þær muni að mestu leyti lúta sömu reglum og gilda um rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Fyrirtækin fagna því að lögfesta eigi regluverk um innflutning, markaðssetningu og notkun nikótínþúða sem hafa fram til þessa verið án lagaumgjörðar.

Fyrirtækin gera eftirfarandi athugasemdir við drögin:

**Almennt**

Fyrirtækin gera athugasemd við að vörurnar séu færðar undir lög nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Um ólíkar vörur sé að ræða auk þess sem nikótínþúðar hafi ekki verið rannsakaðir með sama hætti og rafrettur. Fyrirtækin óska eftir ítarlegri skoðun á regluverkinu og sérstaklega sé að því gætt að vægari kröfur gildi ekki um nikótínþúða. Þá telja fyrirtækin réttara að fella vörurnar undir tóbaksvarnarlög nr. 6/2002.

**7. gr.**

a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einungis er heimilt að selja nikótínvörur þar sem hver eining inniheldur að hámarki 20 mg af nikótíni.

- Fyrirtækjunum þykir óljóst hvað átt er við með „einingu“. Óljóst sé hvort átt sé við dollu, þúða eða annað.
- Fyrirtækin telja rétt að ítarleg skoðun fari fram á þeim styrkleika sem tilgreindur er í ákvæðinu og við þá skoðun sé hætta á myndun svarts markaðar höfð í huga.

Fyrirtækin gera ekki aðrar athugasemdir að svo stöddu en áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum ef þörf er á.

Virðingarfyllst,  
f.h. rafrettufyrirtækja innan FA

Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur